

28.tbl.

17.ágúst.2022

29 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



## Stórutjarnaskóli verður settur mánudaginn 22. ágúst kl. 17:00

\*\*\*\*\*  
\*\*\*\*\*

### **Bókasafnið í Stórutjarnaskóla opnar 18. ágúst**

Opnunartímar bókasafnsins verða 14:30 – 16:30 á þriðjudögum og  
19:30 – 21:30 á fimmtudagskvöldum.

### **Sundlaug Stórutjarnaskóla opnar 18. ágúst**

Opnunartímar sundlaugarinnar verða 19:30 – 21:30 á mánudags-  
kvöldum og fimmtudagskvöldum.

*Skólastjóri*



## Hrútaber og Aðalfundur Skógræktarfélags Suður - Þingeyinga


Veist þú hvernig *Hrútaber* líta út? Hvar er hægt að tína þau og hver besta uppskriftin að hrútaberjahlaupi er? Öllum er áhuga hafa á hrútaberjum er boðið að mæta í Vaglaskóg við gömlu búðina, gömlu brúna yfir Fnjóská, þriðjudaginn 23. ágúst klukkan 19:00.

Eftir hrútaberjaskoðun verður haldið í Gamla barnaskólann Skógum og boðið upp á kaffi og kleinur, kex og hrútaberjahlaup.

Aðalfundur félagsins verður haldinn klukkan 20.30.  
Hefðbundin aðalfundarstörf.

***Allir hjartanlega velkomnir. Stjórnin.***





## Stofnfundur Hollvinafélags Neskirkju

Mánudagskvöldið 22. ágúst kl. 20:30 í Neskirkju  
Markmið félagsins verður að styðja við ákveðin  
verkefni í tengslum við aðbúnað og viðhald  
kirkjunnar, í samráði við sóknarnefnd.

### Dagskrá:

- Lögð fyrir drög að lögum félagsins og þau tekin til umfjöllunar og afgreiðslu.
- Kosning í stjórn félagsins.
- Skráning hollvina í félagið.

Allir velunnarar Neskirkju velkomnir.

## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

### Verðskrá:

*Hálfsíðuauglýsing* kr. 4.200– m.vsk

*heilsíðuauglýsing* kr. 6.100.-m vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir . s. 8953386

## **Aðalfundur Skútustaðasóknar**

verður haldinn í Skútustaðakirkju  
þriðjudaginn 22.08 klukkan 20:00.

Dagskrá: Hefðbundin aðalfundarstörf.

Sóknarnefndin



## **Við styttnum opnunartímann!**

*Frá og með 22. ágúst verður opið alla daga 12:00-22:00 hjá  
okkur í Jarðböðunum.*

*Við þökkum kærlega fyrir allar heimsóknirnar í sumar.*

*Baðkveðjur úr Jarðböðunum við Mývatn*